

Bæjarráð: Vegna nýrrar óperu á Ísafirði- Manoson 2022

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Heiti : Bæjarráð: Vegna nýrrar óperu á Ísafirði- Manoson 2022
Málsnúmer : 2021040001
Málsaðili : Manoson Opera Group
Skráð dags : 29.03.2021 14:17:35
Höfundur : Bryndís Ósk Jónsdóttir

Viðhengi [MANOSON VERKEFNALÝSING.docx.pdf](#)[MANOSON VERKEFNALÝSING.docx.pdf](#)

Bryndís Ósk Jónsdóttir

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / bæjarritari

From: Kolbrún Ýr Einarsdóttir
Sent: mánudagur, 29. mars 2021 13:45
To: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Subject: Fwd: Vegna nýrrar óperu á Ísafirði- Manoson 2022

Til þess er málið varðar.

Manoson Opera Group óskar eftir því að setja upp óperu í íþróttahúsi Ísafjarðar haustið 2022.

Um er að ræða hefðbundna óperu með einsöngsárium, dúettum, kórsöng með undirleik hljómsveitar ásamt dansatriðum. Þátttakendur eru 60 manns. Þar af er 25 manna hljómsveit.

Verkið yrði sýnt í eitt eða tvö skipti föstudags og föstudagskvöld. Sett yrði til dæmis upp frá sunnudegi og tekið niður á Laugardag. Þetta ætti því ekki að valda of mikilli röskun á öðrum viðburðum.

Einnig væri möguleiki að ræða tímasetningar betur sem og æfingar verksins en þær gætu átt sér stað annarsstaðar en í íþróttahúsinu sé þess þörf.

Óperan er samstarfsverkefni Tónlistarskólans á Ísafirði og Tónlistarakadémiunnar í Szeged í Ungverjalandi. Höfundar verksins eru Beata Joó og Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, höfundur tónlistar er Dr. Péter Tóth.

Stjórn verkefnisins skipa Bergþór Pálsson skólastjóri Tónlistarskólans á Ísafirði, Sigrún Pálmadóttir aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans á Ísafirði, Beata Joó ásamt Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur leikstjóra verksins.

Meðfylgjandi er skjal með frekari upplýsingum um verkið, inntak, sögupráð og samstarfsaðila.

Ef frekari spurningar vakna er velkomið að hafa samband í tölvupósti eða síma.

Með von um góðar viðtökur.
Kolbrún Ýr Einarsdóttir

Verkefnastjóri Manoson Opera Group

Email: kolbrunyre@gmail.com

Sími: 00354 864 2738